

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

833. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. maí 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Bréf Vegagerðarinnar um umhirðu og veghald þjóðvega í þéttbýli.
3. Kynning á drögum af umhverfisskýrslu kerfisáætlunar Landsnets.
4. Starfsmannamál í Grunnskóla Húnaþings vestra.
5. Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Bréf Sigurbjarts Halldórssonar.
7. Upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
8. Bréf Mikaela Þórs Björnssonar.
9. Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
10. Málefni Laugarbakkaskóla..

Afgreiðslur:

1. Rekstrarstjóri framkvæmda og umhverfissviðs er mættur til fundar við byggðarráð. Farið yfir tilboð sem opnuð voru þann 14. maí sl. í efniskostnað vegna hitaveitulagna að Gauksmýri. Um var að ræða lokað útboð. Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:
Ískraft samtals í liði 1.1 og 2.1 143.521 EUR án vsk
Ísrör ehf. samtals í liði 1.1 og 2.1 170.881 EUR án vsk
Set ehf. samtals í liði 1.1 og 2.1 155.792 EUR án vsk
Byggðarráð samþykkir að taka tilboði í lið 1.1 frá Ískraft og tilboði í lið 2.1 frá Ísrör ehf.
2. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar um umhirðu og veghald þjóðvega í þéttbýli. Byggðarráð ítrekar fyrri mótmæli við því að Vegagerðin felli einhliða götur út úr vegaflokki þjóðvega í þéttbýli þ.e. Klapparstíg, Strandgötu (frá Klapparstíg að Smiðjugötu) og Smiðjugötu.
3. Lagt fram bréf Landsnets dags. 12. maí sl. Kynning á drögum af umhverfisskýrslu kerfisáætlunar 2014-2023. Samþykkt að vísa til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs.
4. Lagt fram bréf skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra, dags. 19. maí sl. þar sem fram kemur að Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir óskar eftir launalausum leyfi skólaárið 2014-2015 og að borist hefur uppsögn á starfi frá Jónínu Skúladóttur frá og með 1. ágúst nk. Skólastjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs mæla með samþykkt þessara erinda. Byggðarráð samþykkir ofangreind erindi og þakkar Jónínu Skúladóttur fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.
5. Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Línal kynnti.

6. Lagt fram bréf Sigurbjarts Halldórssonar dags. 21. maí sl. þar sem hann segir upp starfi sínu sem sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið til umsóknar.
7. Lagðar fram til kynningar upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
8. Lagt fram bréf Mikaela Þórs Björnssonar dags. 16. maí sl. þar sem hann lýsir áhuga á að kanna möguleika á að hafa sjúkraþjálfaraaðstöðu í íþróttamiðstöðinni.
9. Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Byggðarráð skorar á stjórn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að fjölga stöðugildum á Heilbrigðisstofnunni á Hvammstanga svo hægt sé að taka við þeim sjúklingum í héraðinu sem þörf er á.
10. Málefni Laugarbakkaskóla. Lögð fram drög að kaupsamningi við Fólk og ferðir ehf. Drögunum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:29

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán E. Böðvarsson.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson